

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 213/2024

2024/EES/92/32

frá 23. september 2024

um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/348 frá 19. janúar 2024 um breytingu á tæknilegum framkvæmdarstöðlum sem mælt er fyrir um í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2016/2070 að því er varðar viðmiðunareignasöfn, skýrslusniðmát og skýrslugjafarfyrirmæli fyrir skýrslugjöfina sem um getur í 2. mgr. 78. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB ⁽¹⁾.
- 2) IX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 14m (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/2070) í IX. viðauka við EES-samninginn:

„— **32024 R 0348:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/348 frá 19. janúar 2024 (Stjtið. ESB L, 2024/348, 8.3.2024).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2024/348, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgildur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 24. september 2024, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 23. september 2024.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Anders H. Eide

formaður

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L, 2024/348, 8.3.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2024/348/oj

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.